

Guðmundur Kristinn Sæmundsson
fyrirverandi aðjunkt HÍ

SÍÐFERÐI OG GILDI Í ÍÐRÓTTUM

Rannsóknarniðurstöður

Bláskógar, Reykjavík
2019

Dr. Guðmundur Kristinn Sæmundsson fyrrverandi aðjunkt HÍ
Siðferði og gildi í íþróttum. Rannsóknarniðurstöður

© 2019 Bláskógar ehf., Guðmundur Kristinn Sæmundsson.
Umbrot, uppsetning og útlit: GSæm, Bláskógar, Reykjavík.
Yfirlstur: Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, MA.

Unnið með styrkjum frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Vinnumálastofnun sem hér
með er þakkað fyrir. Þessi framlög skiptu sköpum um framkvæmd rannsóknar.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Upplýsingar um bakgrunn	6
Eru íþróttasamtökin talin spillt?	9
Eru íþróttaiðkendur álitnir siðprúðir?	13
Eru íþróttakennarar taldir siðfágaðir?	18
Eru þeir eldri siðavandari en ungt fólk?	21
Eru stelpur með lægri siðferðisþröskuld en strákar?	26
Eykur skólaganga siðfágun?	37
Er siðleysi minna meðal þeirra sem tengjast íþróttum?	42

Inngangur

Í þessu riti verður greint nákvæmlega frá niðurstöðum rannsóknar höfundar á afstöðu almennings til siðferðis og gilda í íþróttum.

Spurningalisti

Fyrstu drög spurningalistans urðu til við undirbúning meistararitgerða þriggja íþróttafraðinema, þeirra Sóleyjar Kristmundsdóttur (2016), Arons Vals Þorsteinsonar (2017) og Magneu Drafnar Hlynsdóttur. Dr. Janus Guðlaugsson fyrrverandi lektor við HÍ las listann yfir og gaf góðar ábendingar. Undirritaður gekk síðan frá endanlegum lista í samstarfi við starfsfólk Menntavísindastofnunar. Þetta var spurningalistakönnun með um 40 spurningum. Auk grunnsurninga um þátttakendur voru þrír flokkar viðhorfssurninga:

- *Spurningar um áherslur og fjármál íþróttasamtaka.*
- *Spurningar um íþróttaiðkendur.*
- *Spurningar um íþróttakennslu og íþróttakennara og þjálfara.*

Spurningalistinn var lagður fyrir þátttakendur á rafrænu formi. Notast var við hugbúnaðarforritið Qualtrics (<http://menntavísindastofnun.hi.is/hugbunadur>).

Þátttakendur

Sumarið 2016 unnu tveir meistararnemar, Sóley Kristmundsdóttir og Jenný Ósk Þórðardóttir, að því að afla þátttakenda á skipulegan hátt. Tókst þeim að afla samþykkis frá tæplega 1.000 þátttakendum. Undirritaður tók síðan við og aflaði

samþykkis álíka margra, auk þess sem hann safnaði netföngum um 500 einstaklinga af opinberum vefsíðum fyrirtækja og stofnana. Þátttakenda var aflað eftir fyrirframgerðum lista yfir forsendur sem tryggja ættu sem besta dreifingu þátttakenda með tilliti til kyns, aldurs, búsetu, starfs, menntunar og íþróttabátttöku.

Talsverður hluti þátttakenda féll út strax í byrjun þar sem netföng voru ekki lengur virk eða röng netföng höfðu verið gefin upp. Spurningalistinn var sendur á 1883 einstaklinga í gegnum tölvupóst. Alls bárust gild svör frá 909 og var svarhlutfallið því 48%. Af þeim 909 þátttakendum voru 518 konur (57,0%) og 392 karlar (42,4%). Sex svarendur (0,7%) sögðu ekki til um kyn sitt. Hluti þátttakenda hafði fyrirfram samþykkt þátttöku, aðrir fengu þátttökuþeiðni senda um leið og könnunina sjálfa.

Framkvæmd

Vinna Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands fór fram á vormánuðum 2017. Gagnaöflunin stóð yfir á tímabilinu 3. til 25. apríl 2017. Á því tímabili var áminning til þátttakenda send út þrisvar sinnum. Kynningarbréf ásamt rafrænni slóð að spurningalista var sent til þátttakenda og voru þeir hvattir til að svara af samviskusemi og bent á netföng og símanúmer rannsakenda ef einhverjar spurningar vöknudu. Öll svör voru ópersónugreinanleg og ekki var notast við nein auðkenni við söfnunina. Gögnin voru jafnframt aðeins aðgengileg rannsakendum. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar í samræmi við reglur.

Upplýsingar um bakgrunn

Bakgrunnsupplýsingar eða aukabreytur sem unnið var með voru eftirfarandi:

ALDUR. Búast má við að viðhorf landsmanna til íþróttar og siðferðis sé mismunandi eftir aldri. Einkum hefur sterk siðfágun verið kennd við þá elstu svo að nauðsynlegt var að skoða svörin í því ljósi.

KYN. Í öðrum rannsóknum hefur komið í ljós að konur hafa önnur viðhorf en karlar til siðferðis. Einnig hefur þótt halla á konur á ýmsan hátt í íþróttum. Því þótti rétt að skoða svörin með tilliti til kynferðis.

BÚSETA. Þótt ekki væri búist við miklum mismun með tilliti til búsetu þótti rétt að aðgæta hvort enn eimdi eftir af því að landsbyggðarfolk hefði sterkari skoðanir á siðferði íþróttar en höfuðborgarbúar, sbr. mismunandi skoðanir við stofnun ungmennahreyfingarinnar og ÍSÍ.

MENNTUN. Sjálfsagt þótti að kanna hvort skoðanir væru misjafnar eftir menntun þátttakenda þótt ekki væri heldur búist við miklum frávikum þar. Almennt séð er þó vitað að menntun og skólaganga hafa áhrif á skoðanir fólks.

ATVINNUSTAÐA. Félagsleg staða þátttakenda ætti ef til vill ekki að hafa mikil áhrif á skoðanir fólks á siðferði íþróttar. Samt þótti áhugavert að athuga hvort einhver munur leyndist þar.

TENGLI VIÐ ÍÞRÓTTIR. Einsýnt var að búast við að nokkur munur hlyti að vera á afstöðu fólks til siðferðis í íþróttum, eftir því hvort það hefði einhver tengsl við þær, væri til dæmis iðkendur sjálf.

Aldur

Tafla 1 sýnir aldursdreifingu þátttakenda en þar var þeim skipt í fjóra hópa. Fyrsti hópurinn var yngsta fólkið, 18 til 25 ára, síðan kom ungt fólk 26 til 40 ára, þá miðaldra fólk 41 til 66 ára og loks elsti hópurinn, 67 ára og eldri. Í niðurstöðum eftir aldri eru tveir yngri hóparnir sameinaðir.

Tafla 1. Aldur.	
18-25 ára	11%
26-40 ára	18%
41-66 ára	59%
67 ára og eldri	12%

Athyglisvert er að meirihluti þátttakenda var á aldrinum 41 til 66 ára (59%). Svörunin meðal eldri hópanna má teljast nokkuð eðlileg en greinilegt er að yngri aldurshóparnir (18 til 25 ára og 26 til 40 ára) telja sig hafa minni tíma til að svara slíkum könnunum eða hafa minni áhuga á efniinu.

Kyn

Tafla 2 sýnir skiptingu þátttakenda eftir kynjum. Þar var skipt í tvo hópa en einnig gefinn kostur á ótilgreindu kyni.

Tafla 2. Kyn.	
Konur	57%
Karlar	42%
Ótilgreint	1%

Greinilegt er að konur voru nokkru duglegri við að svara könnuninni en karlar. Að hluta

kann skýringin að vera mismunandi áhugi kynjanna á íþróttum eða siðferði íþróttanna en að hluta er skýringin sú að nokkru fleiri konur voru í hópi þeirra sem könnunin var send til.

Búseta

Búsetu var skipt í þrennt, höfuðborgarsvæði, þéttbýli á landsbyggðinni (bæir og kaupstaðir) og dreifbýli (sveitabærir og minni þorp) á landsbyggðinni. Tafla 3 sýnir svörun eftir búsetu.

Tafla 3. Búseta.	
Höfuðborgarsvæði	62%
Þéttbýli á landsbyggð	33%
Dreifbýli á landsbyggð	5%

Búsetudreifingin virðist samkvæmt þessu nokkuð eðlileg, kannski hlutfallslega ívið betri þátttaka á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Menntun

Tafla 4 sýnir svörun þátttakenda skipt eftir menntun. Þeir greindu nokkuð nákvæmlega frá skólagöngu sinni en hér eru upplýsingarnar sameinaðar í fjóra aðalflokka, grunnskólanám, framhaldsskóla- og iðnnám, grunnnám í háskóla (bakkalár) og framhaldsnám í háskóla (meistaránám, doktorsnám).

Tafla 4. Skólaganga.	
Grunnskólanám	13%
Framhalds- eða sérskólanám	12%
Grunnnám í háskóla	38%
Framhaldsnám í háskóla	37%

Hér er greinileg skekkja í svöruninni. Mikill meirihluti þátttakenda hafði lokið háskólanámi (74%) og flestir þeirra höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi (37%). Þessi svörun sýnir að minna menntaðir einstaklingar taka mun síður þátt í könnun af þessu tagi en háskólaafólk. Mun jafnari dreifing var í hópi þeirra sem könnunin var send til.

Atvinnustaða

Tafla 5 sýnir svörun þátttakenda skipt eftir atvinnustöðu. Meirihluti þátttakenda var í launaðri vinnu eða atvinnurekstri (74%) og 15% svarenda námi, sumir þeirra í launaðri vinnu með námi. 11% voru ekki á vinnumarkaði, til dæmis öryrkjar, atvinnulausir einstaklingar og aldraðir.

Tafla 5. Atvinnustaða.	
Í launavinnu eða atvinnurekstri	74%
Námsfólk (sumt einnig í vinnu)	15%
Ekki á vinnumarkaði	11%

Áberandi er hve slæm svörunin er meðal þeirra sem ekki eru á vinnumarkaði eða í námi.

Tengsl við íþróttir

Spurt var um tengsl þátttakenda við íþróttir, til dæmis hvort þeir höfðu verið íþróttaiðkendur, foreldrar íþróttaiðkanda, fylgst með íþróttum eða sinnt stjórnarstörfum. Í töflu 6 sést svörun þátttakenda skipt eftir tengslum þeirra við íþróttir.

Tafla 6. Íþróttafskipti.

Tengsl við íþróttir	77%
Engin tengsl	23%

Greinilegt er að þeir sem höfðu einhver tengsl við íþróttir treystu sér betur til að svara könnuninni. Svarendur voru látnir gera nákvæma grein fyrir tengslum sínum ef einhver voru. Tafla 7 sýnir hvaða tengsl við íþróttir þeir þátttakendur hafa sem sögðust hafa einhver tengsl.

Tafla 7. Íþróttatengsl.

Íþróttaiðkendur í áhugamennsku	65%
Stuðningsmenn og áhugamenn	61%
Eiga börn sem stunda íþróttir	45%
Þjálfarar	14%
Íþróttakennarar eða nemar	13%
Stjórnendur	7%
Iðkendur í atvinnumennsku	3%
Fræðimenn	4%
Fréttamenn	2%

Þátttakendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall þátttakenda alls yfir

100%. Af þeim sem sögðust ekki hafa tengsl við íþróttir voru 156 (74%) sem sögðust hafa einhvern tíma haft einhver tengsl en 56 (26%) sögðust aldrei hafa haft nein tengsl við íþróttir.

Tafla 8. Fyrri afskipti af íþróttum.

Einhvern tíma haft tengsl við íþróttir	74%
Aldrei haft nein tengsl við íþróttir	26%

Það sem þessar tölur sýna er að afar margir geta státað af því að hafa núna eða hafa einhvern tíma haft tengsl við íþróttir, þótt ekki hafi endilega allir verið beinir íþróttaiðkendur. Einnig kunna þessar tölur að sýna að þessi tengsl fólks við íþróttir hafi valdið því að það svaraði frekar könnuninni.

Eru íþróttasamtökin talin spillt?

Í næstu köflum verður greint frá heildar-niðurstöðum rannsóknarinnar og svörum þátttakenda við hverri spurningu fyrir sig. Þessar niðurstöður verða settar fram í töfluformi með athugasemdum á eftir. Jafnframt verður vöngum eilítið velt yfir því sem athygli vekur í svörunum. Byrjað er á 1. kafla spurningalistans sem fjallaði um áherslur og fjármögnun. Í síðari köflum verða mismunandi svör eftir kynjum, aldri, búsetu og svo framvegis skoðuð.

Áherslur og fjármögnun

Þátttakendur voru beðnir um að meta hversu sammála eða ósammála þeir væru nokkrum fullyrðingum sem hér koma á eftir. Fyrst svöruðu þátttakendur fullyrðingunni um að íþróttaiðkun hefði jákvæð áhrif á andlega líðan einstaklinga.

Tafla 9 (sp. 1). Íþróttaiðkun hefur jákvæð áhrif á andlega líðan einstaklinga.

Sammála	98%
Ósammála	2%

Á myndinni má sjá að 98% voru sammála um að íþróttaiðkun hefði jákvæð áhrif á andlega líðan. Það kemur vissulega ekki á óvart. Næst svöruðu þeir staðhæfingunni um að íþróttaiðkun hefði jákvæð áhrif á sjálfsmynd einstaklinga.

Tafla 10 (sp.2). Íþróttaiðkun hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd einstaklinga.

Sammála	95%
Ósammála	3%
Veit ekki	2%

Þarna má sjá að mikill meirihluti svarenda var annaðhvort mjög sammála eða frekar sammála fullyrðingunni. Kannski vekur athygli að ekki skuli enn fleiri vera sammála henni. Næst svöruðu þátttakendur staðhæfingu um að íþróttaiðkun hefði jákvæð áhrif á líkamlega heilsu fólks.

Tafla 11 (sp. 3). Íþróttaiðkun hefur jákvæð áhrif á líkamlega heilsu einstaklinga.

Sammála	97%
Ósammála	2%
Veit ekki	1%

Þessi mikli meirihluti þátttakenda sem er sammála fullyrðingunni kemur alls ekki á óvart og er í miklu samræmi við orðræðuna í samfélaginu. Þátttakendur tóku næst afstöðu til staðhæfingar um að íþróttir ættu fremur að leggja áherslu á að vera leikur og skemmtun en keppni og sókn í árangur.

Tafla 12 (sp. 4). Íþróttir eiga fremur að leggja áherslu á að vera leikur/skemmtun en keppni og sókn í árangur.

Sammála	18%
Ósammála	75%
Veit ekki	7%

Þrír af hverjum fjórum voru ósammála full-yrðingunni. Fólk virðist þannig almennt telja að áherslan eigi að vera á árangur og afrek í keppni. Þetta sést enn betur á næstu töflu. Þar brugðust þátttakendur við staðhæfingu um að íþróttahreyfingin (til dæmis KSÍ og ÍSÍ og aðildarfélög þeirra) eigi að leggja meiri áherslu á keppni í íþróttum heldur en að sem flestir séu þátttakendur.

Tafla 13 (sp. 5). Íþróttahreyfingin á að leggja meiri áherslu í íþróttum á keppni heldur en að sem flestir séu þátttakendur.

Sammála	78%
Ósammála	17%
Veit ekki	5%

Hér má sjá að 78% voru sammála full-yrðingunni eða nærri fjórir af hverjum fimm svarendum. Næst var leitað eftir viðbrögðum við fullyrðingunni um að hvort ríki og sveitarfélög veiti of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttar.

Tafla 14 (sp. 6). Ríki og sveitarfélög veita of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttar.

Sammála	17%
Ósammála	68%
Veit ekki	15%

Á myndinni má sjá að 68% þeirra voru ósammála fullyrðingunni. Sú niðurstaða kemur nokkuð á óvart, einkum miðað við svör þátttakenda við næstu spurningu. Þar svöruðu þátttakendur fullyrðingunni um hvort ríki og sveitarfélög veittu of miklu fé til íþróttaiðkunar barna og unglunga.

Tafla 15 (sp. 7). Ríki og sveitarfélög veita of miklu fé til íþróttaiðkunar barna og unglunga.

Sammála	4%
Ósammála	89%
Veit ekki	7%

89% þátttakenda voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni um að of miklu fé sé veitt til íþróttaiðkunar barna og unglunga en 4% sammála. Þá svöruðu þeir spurningunni um hvort þeir telji í lagi að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttabúningum.

Tafla 16 (sp. 8). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á búningum?

Sammála	54%
Hvorki né	34%
Ósammála	12%

Þarna má sjá að 54% þátttakenda töldu þetta í góðu lagi en aðeins 12% voru því ósammála en 34% tóku ekki afstöðu. Svipuð niðurstaða varð úr næstu spurningu sem var mjög skyld en þar tóku þátttakendur afstöðu til þess hvort í lagi sé að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttamannvirkjum.

Tafla 17 (sp. 9). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttamannvirkjum?

Sammála	58%
Hvorki né	31%
Ósammála	11%

58% þátttakenda sögðust telja þessa fjáröflun í lagi. Enn ein spurning hjó í sama knérunn en þar tóku þátttakendur afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti í fjölmiðlum.

Tafla 18 (sp. 10). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti í fjölmiðlum?

Sammála	53%
Hvorki né	35%
Ósammála	12%

Á myndinni má sjá að meirihlutinn telur þetta eðlilegt (53%). Tölurnar hér á undan sýna að hreyfingunni hefur tekist bærilega að setta almenning við þessar fjáröflunarleiðir. Nokkuð önnur afstaða kemur fram í næstu spurningum. Þátttakendur tóku næst afstöðu til þess hvort í lagi væri að íþróttaviðburðir drægju nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna.

Tafla 19 (sp. 11). Telur þú í lagi að íþróttaviðburðir dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna?

Sammála	49%
Hvorki né	27%
Ósammála	24%

Þarna kemur fram að naumur minnihluti, eða um 49%, er sammála eða mjög sammála því að nefna íþróttamót eftir kostunaraðilum. Þess ber þó að geta að 27% voru hvorki sammála né ósammála, þ.e. tók ekki afstöðu. Enn minni stuðningur kom fram við að íþróttamannvirki drægju nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna.

Tafla 20 (sp. 12): Telur þú í lagi að íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna?

Sammála	38%
Hvorki né	27%
Ósammála	35%

Myndin sýnir að 27% voru hvorki sammála né ósammála. Hins vegar voru aðeins 38% sem töldu þetta í lagi en 35% voru ósammála og því á sama máli og Bjarni Fel sem neitaði að nota þessi fyrirtækjaheiti í þáttum sínum, reyndar hvorki sem heiti á íþróttamannvirkjum né íþróttamótum. Næst tóku þátttakendur afstöðu til þess hvort þeir teldu að þjálfarar og/eða stjórnendur íþróttasamtaka nýttu sér aðstöðu sína til fjárhagslegs ávinnings.

Tafla 21 (sp. 13): Telur þú að þjálfarar og/eða stjórnendur íþróttasamtaka nýti sér aðstöðu sína sér sjálfum til fjárhagslegs ávinnings?

Í miklum mæli	14%
Svipað og aðrir	67%
Í litlum mæli	19%

Á myndinni má sjá að mikill meirihluti (67%) taldi slíkt hátterni ekki vera meira meðal stjórnenda og þjálfara en meðal annarra hópa í samfélaginu. Þetta kemur að vissu leyti á óvart miðað við fjölmiðla-umræðu um FIFA, KSÍ og fleiri slík mál.

Samantekt

Þrettán fyrstu efnisspurningarnar fjölluðu um áherslur og fjármögnun íþróttahreyfingarinnar og íþróttafélagga. Mikill meirihluti svarenda taldi að íþróttaiðkun hefði

jákvæð áhrif á andlega líðan, sjálfsmynd og líkamlega heilsu þeirra sem tækju þátt í þeim. Drjúgur meirihluti taldi keppni og árangur í íþróttum mikilvægari en þátttöku, leik og skemmtun.

Drjúgur meirihluti taldi einnig að framlög ríkis og sveitarfélaga til afreksíþróttaværi í góðu lagi en mjög margir voru þó á því að stórauka þyrfti fjárframlög til íþróttaiðkunar barna og unglinga.

Þegar spurt var hvort eðlilegt væri að fjárhagur íþróttahreyfingar væri svo mjög háður auglýsingatekjum og sýningarrétti á búningum og íþróttamannvirkjum og í fjölmiðlum var rúmlega helmingur aðspurðra sammála því. Nokkru færri, greinilegur minnihluti þó, töldu við hæfi að nefna íþróttamót og íþróttamannvirki eftir kostunarfyrirtækjum.

Loks töldu flestir að þjálfarar og stjórnendur nýttu sér aðstöðu sína sjálfum sér til fjárhagslegs ávinnings svipað og fólk í ámóta stöðu í samfélaginu.

Eru íþróttaiðkendur álitnir siðprúðir?

Annar hluti spurningalistans fjallaði um íþróttaiðkendur og þau gildi og hugsjónir sem almenningur telur þá hafa í heiðri. Fyrst í þessum hluta tóku þátttakendur afstöðu til þess hvort þeir teldu að íþróttafólk væri almennt heiðarlegra en aðrir.

Tafla 22 (sp. 14). Íþróttafólk er almennt heiðarlegra en aðrir.

Sammála	19%
Ósammála	37%
Veit ekki	44 %

Athyglisvert er hve margir svöruðu hlutlaust. Einnig er athyglisvert að aðeins 19% þátttakenda voru sammála fullyrðingunni en 37% ósammála. Almennigur virðist því almennt ekki hafa mikið álit á heiðarleika íþróttamanna umfram annað fólk. Var þá heiðarleiki áður fyrr mjög tengdur íþróttum. Skömmu síðar svöruðu þátttakendur hins vegar fullyrðingunni um hvort heiðarleiki íþróttafólks væri misjafn eftir kynjum.

Tafla 23 (sp. 18). Heiðarleiki íþróttafólks er misjafn eftir kynjum.

Sammála	12%
Ósammála	56%
Veit ekki	32%

Eins og taflan sýnir var rúmlega helmingur þátttakenda ósammála því að heiðarleikinn væri mismikill eftir kynjum (56%). Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hvort þeir teldu að íþróttafólk væri almennt viljasterkara en aðrir.

Tafla 24 (sp. 15). Íþróttafólk er almennt viljasterkara en aðrir.

Sammála	68%
Ósammála	17%
Veit ekki	15%

Eins og taflan sýnir var meirihluti (68%) sammála því að viljastyrkur íþróttamanna væri meiri en meðal annarra. Þetta kemur ekki á óvart. Það kemur heldur ekki á óvart að almenningur telji þessum viljastyrk ekki fylgja mikil hógvæð. Næst brugðust þátttakendur við fullyrðingunni um að íþróttafólk væri almennt hógværra en aðrir.

Tafla 25 (sp. 16). Íþróttafólk er almennt hógværra en aðrir.

Sammála	14%
Ósammála	59%
Veit ekki	27%

Taflan sýnir að meira en helmingur þátttakenda (59%) er ósammála því að íþróttafólk sé hógværra en aðrir. Áður fyrr var það þó talið aðall hvers góðs íþróttamanns að vera hógvæ. Þátttakendur svöruðu einnig fullyrðingunni um að íþróttafólk hugsaði almennt meira um eigin hag en hópsins í íþróttum.

**Tafla 26 (sp. 17). Íþróttafólk
hugsar almennt meira um
eigin hag en hag hópsins.**

Sammála	18%
Ósammála	51%
Veit ekki	31%

Um það bil helmingur (51%) telur að íþróttafólk hugsí fremur um hag hópsins en eigin hag. Aðeins 18% telja að íþróttafólki sé meira umhugað um eigin hag en þess ber þó að geta að 31% taka ekki afstöðu. Í næstu spurningu svöruðu þátttakendur fullyrðingunni um að íþróttafólk væri almennt góðar fyrirmyndir.

**Tafla 27 (sp. 19). Íþróttafólk
er almennt góðar fyrirmyndir.**

Sammála	83%
Ósammála	8%
Veit ekki	9%

Eins og taflan sýnir voru 83% sammála. Eingöngu 8% svarenda voru ósammála staðhæfingunni. Þetta er í samræmi við almenna orðræðu. Næst er málið skoðað frá annarri hlið þegar þátttakendur svöruðu fullyrðingunni um að eðlilegt sé að íþróttafólk brjóti reglur íþróttanna ef það er í þágu íþróttarinnar eða liðsins.

**Tafla 28 (sp. 20). Það er
eðlilegt að íþróttafólk brjóti
reglur íþróttarinnar ef það
er í þágu hennar.**

Sammála	4%
Ósammála	87%
Veit ekki	9%

Miðað við tíðni leikbrota í íþróttum, að minnsta kosti í boltaíþróttunum, vekur athygli að langflestir (87%) sögðust vera frekar eða mjög ósammála því að reglur væru brotnar. Vera kann þó að einhverjir hafi misskilið spurninguna og talið að hér væri aðeins átt við alvarleg brot (rauð spjöld). Þátttakendur svöruðu næst fullyrðingunni um að eðlilegt væri að íþróttafólk fengi greidd laun, styrki eða bónusa fyrir að stunda íþrótt sína.

**Tafla 29 (sp. 21). Það er
eðlilegt að íþróttafólk fái
greiðslur fyrir að stunda
íþrótt sína.**

Sammála	69%
Ósammála	19%
Veit ekki	12%

69% voru sammála því sem er mjög athyglisvert miðað við umræður manna á milli en sýnir að markaðsvæðing íþróttamanna er lengra komin en fólk ef til vill hugði. Þetta sést einnig vel á næstu spurningu en þátttakendur svöruðu þar fullyrðingunni um að eðlilegt væri að íþróttafélög fengju greiðslur fyrir að íþróttamenn komi fram í auglýsingum fyrirtækja.

Tafla 30 (sp. 22). Það er eðlilegt að íþróttafélög fái greiðslur fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum.

Sammála	68%
Ósammála	21%
Veit ekki	11%

68% aðspurðra voru mjög eða frekar sammála en aðeins 21% ósammála. Þátttakendur svöruðu síðan fullyrðingunni um að það væri eðlilegt að laun og bónusar karla í íþróttum væru almennt hærri en kvenna.

Tafla 31 (sp. 23). Það er eðlilegt að laun og bónusar karla séu almennt hærri í íþróttum en kvenna.

Sammála	6%
Ósammála	90%
Veit ekki	4%

Athygli vekur hve mikill meirihluti var ósammála þessu fyrirkomulagi (90%). Greinilega er vitund almennings um jafnrétti kynjanna sterk hér á landi og sterkari en verið hefur í íþróttaförystunni til skamms tíma. Þátttakendur brugðust næst við fullyrðingunni um að ógegnsæi í fjármálum fyrirfyndist meðal íþróttaiðkenda hér á landi.

Tafla 32 (sp. 24). Ógegnsæi ríkir í fjármálum meðal íþróttaiðkenda.

Sammála	55%
Ósammála	9%
Veit ekki	36%

Athygli vekur að aðeins 9% þátttakenda voru því ósammála en 36% tóku ekki afstöðu til þess. Í næstu spurningu svöruðu þátttakendur hvort þeir teldu að aðgreina bæri íþróttir atvinnumanna frá íþróttum áhugamanna.

Tafla 33 (sp. 25) Telur þú að aðgreina beri íþróttir atvinnumanna og áhugamanna?

Óbreytt ástand	50%
Útiloka frá ýmsum mótum	12%
Veit ekki	38%

Á töflunni má sjá að aðeins helmingur þátttakenda (50%) sagðist aðhyllast óbreytt ástand en 38% tóku ekki afstöðu. Þeir sem sögðust vilja breytingar í þessum málum voru því aðeins 12% þátttakenda. Þátttakendur voru næst spurðir hvort eðlilegt væri að íþróttafólk notaði fæðubótarefni til þess að ná betri árangri.

Tafla 34 (sp. 26). Telur þú eðlilegt að íþróttafólk noti fæðubótarefni til að ná betri árangri?

Þeirra mál	35%
Skekkir samkeppnina	26%
Skiptir engu máli	10%
Sérstök mót fyrir þá	6%
Bætir keppnina	2%
Veit ekki	21%

Hér vekur athygli að 26% töldu það skekkja samkeppnina að nota mikið af fæðubótarefnum. Þó eru þessi efni lögleg og mikið notuð af íþróttafólki. Öðru máli gegnir um vefaukandi stera sem eru ólöglegir í öllum íþróttum. Þátttakendur tóku þess vegna næst afstöðu til þess hvort eðlilegt væri að íþróttafólk notaði ólögleg lyf og stera til að ná betri árangri (mynd 35)

Tafla 35 (sp. 27). Telur þú eðlilegt að íþróttafólk noti ólögleg efni á borð við stera eða lyf til að ná betri árangri?

Á alltaf að vera bannað	75%
Skekkir samkeppnina	11%
Sérstök mót fyrir þá	7%
Þeirra mál	2%
Bætir keppnina	1%
Veit ekki	4%

Heil 75% voru sammála því að slík efni eigi að vera bönnuð á öllum mótum en nokkrir (7%) töldu að steraneytendur ættu að mega keppa á sérstökum íþróttamótum. Bjarni Fel orðaði þetta þannig í samtali við

undirritaðan að nú ætti ekki lengur við gamla orðtakið „Heilbrigð sál í hraustum líkama“. Betur eigi við á okkar tímum „Aurasál í steraskrokki“! Athygli vekur að enginn merkti við svarkostinn „Skiptir ekki máli“. Næst svöruðu þátttakendur spurningunni um hvort þeir teldu busun í íþróttum vera eðlilegan hluta af menningu íþróttar.

Tafla 36 (sp. 28). Telur þú busun í íþróttum hluta af menningu íþróttar?

Getur skaðað	45%
Niðurlæging	27%
Skemmtileg hefð	9%
Skiptir máli	2%
Herðir og bætir árangur	1%
Veit ekki	16%

Athyglisvert er að aðeins 12% virtust hafa fremur jákvæða afstöðu til busunar en 72% neikvæða, þar af töldu 27% að busun væri niðurlæging og 45% að busun gæti beinlínis skaðað einstaklinginn. 16% tóku ekki afstöðu. Nokkuð önnur mynd blasir við þegar fjallað er um hjátrú meðal íþróttafólks almennt en um hana svöruðu þátttakendur spurningunni hvort hjátrú væri algeng í íþróttum.

Tafla 37 (sp. 29). Telur þú hjátrú algenga í íþróttum?

Algeng	69%
Sjaldgæf	6%
Veit ekki	25%

Athyglisvert er að 69% svarenda töldu hjátrú algenga meðal íþróttamanna. Aðeins

17% töldu hjátrú skipta litlu máli meðal íþróttamanna en 25% lýstu engri skoðun á efninu.

Samantekt

Sextán fjölbreytilegar spurningar fjölluðu um íþróttaiðkendur. Stærsti hópurinn í hverju tilviki taldi að íþróttamenn væru ekki heiðarlegri en aðrir og að heiðarleiki þeirra færi ekki eftir kyni. Þeir væru ekki heldur hógværi en aðrir. Meirihlutinn taldi einnig að íþróttafólk væri almennt viljasterkara en aðrir og hugsaði ekki meira um eigin hag en hópsins. Mjög stór meirihluti taldi þá almennt vera góðar fyrirmyndir. Þá taldi fólk að það væri ekki eðlilegt að brjóta reglur íþróttarinnar þótt það gagnaðist liðinu.

Meirihluti svarenda taldi eðlilegt að íþróttafólk fengi greiðslur fyrir að stunda

íþrótt sína en þó ríkti ógegnisæi í fjármálum þeirra og mikill meirihluti var ósammála því að konur fengju minna en karlar í slíkar greiðslur. Fólk taldi eðlilegt að íþróttafélögin fengju greitt fyrir að íþróttamenn kæmu fram í auglýsingum fyrirtækja. Meirihluti þeirra sem tóku afstöðu taldi enga þörf á að aðgreina íþróttir atvinnumannanna og áhugamanna.

Um það bil helmingur svarenda var jákvæður gagnvart notkun fæðubótarefna en þriðjungur neikvæður. Aðrir tóku ekki afstöðu. Hins vegar voru langflestir á því að efni og lyf sem nú væru ólögleg, til dæmis sterar, ættu alltaf að vera bönnuð í íþróttum. Þá hafði mikill meirihluti neikvæða afstöðu til busunar í íþróttum og töldu hana skaðlega og niðurlægjandi. Loks taldi meirihluti svarenda að hjátrú væri algeng í íþróttum.

Eru íþróttakennarar taldir siðfágaðir?

Þátttakendur svöruðu fyrst í þessum kafla spurningalistans fullyrðingunni um að hvetja ætti nemendur til heiðarleika fremur en að gera það sem þarf til að sigra (mynd 38).

Tafla 38 (sp. 30). Íþróttakennarar og þjálfarar eiga að hvetja nemendur til heiðarleika fremur en að gera það sem þarf til að sigra.

Sammála	95%
Ósammála	3%
Veit ekki	2%

Mikill meirihluti svarenda (95%) var mjög eða frekar sammála því og er það ef til vill í samræmi við svörin hér að framan um lítinn heiðarleika meðal íþróttamanna. Almenningur telur greinilega þörf á að bæta hér úr. Mjög skyld spurning sneri að árangri en þá svöruðu þátttakendur staðhæfingunni um að hvetja ætti nemendur til heiðarleika fremur en að gera það sem þarf til að ná árangri.

Tafla 39 (sp. 31). Íþróttakennarar og þjálfarar eiga að hvetja nemendur til heiðarleika fremur en að gera það sem þarf til að ná árangri.

Sammála	89%
Ósammála	7%
Veit ekki	4%

Einnig hér var mikill meirihluti þátttakenda hlynntur innrætingu heiðarleika (89%). 870 þátttakendur svöruðu staðhæfingunni um að íþróttakennarar og þjálfarar eigi að fara eftir siðareglum íþróttafélaga um samskipti sín við nemendur og iðkendur. Hér er verið að vísa til alltof margra dæma um misbeitingu og jafnvel kynferðislega misnotkun gagnvart iðkendum íþróttar.

Tafla 40 (sp. 32). Íþróttakennarar og þjálfarar eiga að fara eftir siðareglum íþróttafélaga um samskipti sín við nemendur.

Sammála	98%
Ósammála	1%
Veit ekki	1%

Mikill meirihluti þátttakenda (98%) var sammála þessu og kemur það ekki á óvart. Þátttakendur svöruðu næst þeirri viðkvæmu en algengu fullyrðingu að einelti tengist íþróttakennslu og þjálfun meira en annarri kennslu.

Tafla 41 (sp. 33). Einelti tengist íþróttakennslu og þjálfun meira en annarri kennslu.

Sammála	32%
Ósammála	32%
Veit ekki	36%

Eins og við mátti búast tók allstór hópur (36%) ekki afstöðu til spurningarinnar. Þeir sem tóku afstöðu skiptust hins vegar í jafnstóra hópa, 32% voru annað hvort frekar sammála eða mjög sammála og 32% frekar ósammála eða mjög ósammála. Greinilegt er að á þessu þarf að taka og það fyrir en seinna. Þátttakendur svöruðu þess vegna fullyrðingunni um að íþróttakennarar og þjálfarar legðu næga áherslu á að vinna gegn einelti meðal nemenda sinna.

Tafla 42 (sp. 34). Íþróttakennarar og þjálfarar leggja næga áherslu á að vinna gegn einelti meðal nemenda sinna.

Sammála	25%
Ósammála	33%
Veit ekki	42%

Þriðjungur þátttakenda (33%) var mjög eða frekar ósammála en aðeins 25% sammála staðhæfingunni um að íþróttþjálfarar og kennarar leggi næga áherslu á baráttuna gegn einelti. Þeir sem merktu við Veit ekki eða Á ekki við voru hins vegar 42% sem er mjög hátt hlutfall. Þátttakendur svöruðu næst spurningunni um hvort íþróttakennsla í skólum sé of lítil, hæfileg eða óþarflega mikil.

Tafla 43 (sp. 35). Telur þú að áhersla á íþróttakennslu sé of lítil, hæfileg eða óþarflega mikil í skólakerfinu?

Of lítil	69%
Hæfileg	22%
Of mikil	5%
Veit ekki	4%

69% svarenda fannst að leggja mætti meiri áherslu á íþróttir og hreyfingu í skólakerfinu en 22% fannst hæfilega mikið gert úr þessum þáttum. Athyglisvert er að 5% telja áhersluna of mikla. Þátttakendur svöruðu næst spurningunni um hvort íþróttakennarar í skólakerfinu tækju nægilegt tillit til líkamlegrar færni nemenda sinna.

Tafla 44 (sp. 36). Telur þú að íþróttakennarar í skólakerfinu taki nægilegt tillit til mismunandi líkamlegrar færni nemenda sinna?

Oft	33%
Sjaldan	33%
Óþarfi	1%
Veit ekki	33%

Þriðjungur þátttakenda (33%) svaraði því að kennarar tækju mjög oft eða frekar oft nægilegt tillit til mismunandi líkamlegrar færni nemenda. Önnur 33% voru á öndverðri skoðun. Eingöngu 1% svarenda taldi ekki vera þörf fyrir sérstakt tillit. Loks merkti þriðjungur svarenda við Veit ekki eða Vil ekki svara. Í síðustu spurningunni svöruðu þátttakendur spurningunni um

hvort íþróttakennarar og þjálfarar þurfi að hafa formlega menntun á sviði þjálfunar og uppeldis (mynd 45).

Tafla 45 (sp. 37). Telur þú að íþróttakennarar og þjálfarar þurfi að hafa formlega menntun á sviði þjálfunar og uppeldis?

Já	94%
Nei	3%
Veit ekki	3%

Næstum allir (94%) svöruðu þessari spurningu játandi. Það kemur ekki á óvart.

Samantekt

Átta spurningar vörðuðu afstöðu svarenda til íþróttþjálfara, íþróttakennara og íþróttakennslu. Svarendur voru mjög

sammála um að íþróttþjálfarar og íþróttakennarar eigi að hvetja iðkendur og nemendur til heiðarleika fremur en árangurs eða sigurs. Þá töldu þeir þá eiga að fara mjög strangt eftir siðareglum íþróttafélaga og skóla í persónulegum samskiptum sínum við umbjóðendur sína.

Skoðanir svarenda voru mjög skiptar um hvort einelti tengdist íþróttum sérstaklega og einnig um það hvort kennarar og þjálfarar ynnu nægilega gegn einelti. Sama gildi um þegar spurt var hvort kennarar og þjálfarar tækju nægileg tillit til mismunandi líkalegrar færni nemenda.

Mjög mikill meirihluti svarenda taldi að íþróttakennarar og þjálfarar þyrftu að hafa góða formlega menntun á sviði þjálfunar og uppeldis. Nokkru minni meirihluti áleit áherslu á íþróttakennslu í skólakerfinu of litla.

Eru þeir eldri siðavandari en ungt fólk?

Í næstu köflum verður greint frá því hvernig einstakir hópar svöruðu. Raunar var fremur lítið um að mismunur væri í svörum eftir hópum. Fyrsta skipting svarenda sem skoðuð verður er eftir aldri. Svarendum var skipt í þrjá hópa:

- Ungt fólk: 18 – 40 ára
- Miðaldra fólk: 41 – 66 ára og
- Eldra fólk: 67 ára og eldri.

Svör voru nokkuð mismunandi í tólf tilvikum sem hér verður gerð grein fyrir.

Áherslur og fjármögnun

Við staðhæfingunni um að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku sem flestra féllu svör þannig eftir aldurshópum:

Tafla 46 (sp. 5). Íþróttahreyfingin á að leggja meiri áherslu í íþróttum á keppni heldur en að sem flestir séu þátttakendur. – Svör eftir aldri.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	78%	17%	5%
18-40 ára	72%	22%	6%
41-66 ára	80%	15%	5%
67 og eldri	81%	18%	2%

Hér voru það þeir yngri sem vildu fremur að lögð væri áhersla á þátttöku sem flestra. Þegar staðhæft var að ríki og sveitarfélög veittu of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttá féllu svör þannig:

Tafla 47 (sp. 6). Ríki og sveitarfélög veita of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttá. – Svör eftir aldri.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	17%	68%	15%
18-40 ára	11%	74%	15%
41-66 ára	19%	66%	15%
67 og eldri	21%	67%	12%

Þessu voru þeir elstu sammála í miklu meira mæli en þeir yngri en samt var um að ræða mikinn minnihluta í öllum aldurshópum. Þegar spurt var hvort það væri í lagi að íþróttahreyfingin byggði fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsinga-

tekjum og sýningarrétti á búningum féllu svör þannig:

Tafla 48 (sp. 8). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggji fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á búningum? – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	54%	12%	34%
18-40 ára	61%	6%	33%
41-66 ára	52%	13%	35%
67 og eldri	46%	20%	34%

Hér var andstaðan gegn fjármögnunarstefnu hreyfingarinnar mest meðal þeirra elstu. Þegar spurt var hvort fólk teldi í lagi að íþróttahreyfingin byggði fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttamannvirkjum voru svörin þessi:

Tafla 49 (sp. 9). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggji fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttamannvirkjum? – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	58%	11%	31%
18-40 ára	73%	5%	32%
41-66 ára	57%	13%	30%
67 og eldri	47%	13%	40%

Þetta er keimlík niðurstaða og í næstu töflu á undan. Þegar spurt var hvort fólk teldi það í lagi að íþróttahreyfingin byggði fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti í fjölmiðlum var svarað á þennan veg:

Tafla 50 (sp. 10). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggji fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti í fjölmiðlum? – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	53%	12%	35%
18-40 ára	58%	5%	37%
41-66 ára	54%	14%	33%
67 og eldri	41%	15%	44%

Hér er munurinn orðinn áberandi á milli unga fólksins og þeirra elstu. Næst var spurt hvort fólk teldi í lagi að íþróttaviðburðir (mót, deildir) drægju nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna?

Tafla 51 (sp. 11). Telur þú í lagi að íþróttaviðburðir dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	49%	24%	27%
18-40 ára	68%	7%	25%
41-66 ára	43%	30%	27%
67 og eldri	32%	34%	34%

Hér er munurinn farinn að aukast verulega. Lokaspurningin varðandi fjármögnun íþróttanna var svo hvort fólk áliti það í lagi að íþróttamannvirki drægju nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna?

Tafla 52 (sp. 12). Telur þú í lagi að íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	38%	35%	27%
18-40 ára	56%	16%	28%
41-66 ára	32%	41%	27%
67 og eldri	25%	51%	24%

Hér er munurinn mestur á milli aldershópsins 18-40 ára og 67 ára og eldri. Þeim eldri hugnast greinilega ekki nafngiftir eins og Vodaphone-höllin og Avogen-völlur. Hér sem endranær er aldurshópurinn 41-66 ára hins vegar næst meðaltalinu. Almennt má

segja að fjármögnunarstefna íþróttahreyfingarinnar njóti mests fylgis meðal yngsta hópsins.

Iðkendur og kennsla / þjálfun

Þegar kemur að iðkendunum er rétt að athuga fyrst þær spurningar sem snúa að fjármálum. Staðhæfingunni um að eðlilegt væri að íþróttafélög fái greiðslur fyrir að íþróttamenn úr þeirra röðum komi fram í auglýsingum var þannig svarað:

Tafla 53 (sp. 22). Það er eðlilegt að íþróttafélög fái greiðslur fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum. – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	68%	21%	11%
18-40 ára	83%	8%	9%
41-66 ára	64%	24%	12%
67 og eldri	54%	35%	11%

Fylgið við þetta fyrirkomulag var mest meðal þeirra yngstu en minnst í elsta hópnum. Önnur fullyrðing snerist um að ógegnisæi fyrirfyndist í fjármálum meðal íþróttaiðkenda en þá voru svörin þannig eftir aldurshópum:

Tafla 54 (sp. 24). Ógegnsæi ríkir í fjármálum meðal íþróttaiðkenda. – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	55%	9%	36%
18-40 ára	46%	6%	48%
41-66 ára	60%	10%	30%
67 og eldri	55%	9%	36%

Nærri helmingur þeirra yngstu tók ekki afstöðu til fullyrðingarinnar. Það er kannski skýringin á því að sá hópur var minna sammála staðhæfingunni en hinir tveir. Þegar spurt var hvort íþróttafólk væri almennt hógværra en aðrir féllu svörin þannig eftir aldurshópum:

Tafla 55 (sp. 16). Íþróttafólk er almennt hógværra en aðrir. – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	14%	59%	27%
18-40 ára	19%	54%	27%
41-66 ára	10%	62%	28%
67 og eldri	21%	55%	24%

Hér vekur athygli hve margir treystu sér ekki til að svara af eða á. Einnig er athyglisvert að miðhópurinn sker sig úr með færri sammála og fleiri ósammála en bæði þeir yngri og þeir eldri. Þegar spurt var hvort svarendur teldu eðlilegt er að íþróttafólk bryti reglur íþróttarinnar ef það væri í þágu íþróttarinnar eða árangurs voru svörin þessi:

Tafla 56 (sp. 20). Það er eðlilegt að íþróttafólk brjóti reglur íþróttarinnar ef það er í þágu hennar. – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	4%	87%	8%
18-40 ára	7%	81%	12%
41-66 ára	3%	91%	6%
67 og eldri	6%	88%	6%

Hér koma þeir siðavöndustu úr hópi þeirra sem eru miðaldra, 41 til 66 ára. Svörin skiptust nokkuð öðruvísi þegar spurt var hvort eðlilegt væri að íþróttafólk fengi greiðslur fyrir að stunda íþrótt sína. Þá var útkoman þessi:

Tafla 57 (sp. 21) Það er eðlilegt að íþróttafólk fái greidd laun, styrki eða bónusa fyrir að stunda íþrótt sína. – Svör eftir aldri.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	69%	19%	12%
18-40 ára	85%	8%	7%
41-66 ára	65%	21%	14%
67 og eldri	54%	32%	14%

Í þessum tilvikum finnst þeim yngstu mjög í lagi að brjóta reglurnar en þeir elstu eru einna mest á móti því, þó ekki meirihluti þeirra.

Samantekt

Yngsti hópurinn, 18 til 40 ára, greinir sig verulega (að minnsta kosti um 10%) frá hinum í nokkrum tilvikum. Hann er meira en aðrir ósammála því að ríki og sveitarfélög veiti of miklu fé til afreksíþróttar. Hann telur mest í lagi að vera með auglýsingar á búningum íþróttamanna, íþróttamannvirkjum og í fjölmiðlum. Einnig er hann sáttastur við að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki beri nafn af kostunarfyrirtækjum og að félögin fái greiðslur fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum. Hann telur einna síst að ógegnisæi ríki í fjármálum íþróttafólks og eru mest sammála því að íþróttafólk fái greiðslur fyrir íþróttaiðkun.

Aldurshópurinn 41-66 ára stendur yfirleitt mjög nærri meðaltalinu. Þeir eru þó öðrum fremur ósammála því að eðlilegt sé að íþróttafólk megi brjóta reglur íþróttarinnar.

Eldra fólk, 67 ára og eldri, greinir sig alloft frá hinum í átt til siðavendni. Það styður ekki að íþróttahreyfingin byggi fjárhagslega afkomu sína á auglýsingum á búningum, mannvirkjum og í fjölmiðlum. Það er andvíggt því að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum. Það styður síður en aðrir að félög fái greitt fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum. Einnig er það síst sammála því að íþróttafólk fái greitt fyrir að stunda íþrótt sína.

Eru stelpur með lægri siðferðis-þröskuld en strákar?

Almennt séð var fremur lítill munur á um karla og kvenna sem þátt tóku. Í aðeins tíu tilvikum er að finna frávik eftir kynjum sem vert er að vekja athygli á.

Áherslur og fjármögnun

Þegar staðhæft var að íþróttir ættu fremur að leggja áherslu á leik eða skemmtun en keppni og árangur skiptust svör þannig milli kynja:

Tafla 58 (sp. 4). Íþróttir eiga fremur að leggja áherslu á að vera leikur/ skemmtun en keppni og sókn í árangur. – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	18%	76%	6%
Konur	13%	81%	6%
Karlar	25%	68%	7%

Hér eru konurnar fremur á því að leikur og skemmtun skipti meira máli en keppni og árangur. Þegar fullyrt var að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku skiptust svörin þannig milli kynja:

Tafla 59 (sp. 5). Íþróttahreyfingin á að leggja meiri áherslu í íþróttum á keppni heldur en að sem flestir séu þátttakendur. – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	78%	17%	5%
Konur	83%	12%	5%
Karlar	72%	25%	3%

Þetta er ef til vill ekki afgerandi munur en þó er greinilegt að upplifun kvennanna er meira í þá veru að áherslan sé á keppni. Fjórðungur karlanna er hins vegar ekki sammála því. Þegar spurt var hvort það væri í lagi að íþróttahreyfingin byggði afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á búningum féllu svörin þannig:

Tafla 60 (sp. 8). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggir fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á búningum? – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	54%	42%	4%
Konur	46%	51%	3%
Karlar	66%	30%	4%

Greinilegt er að karlarnir eru mun hlynntari því fyrirkomulagi sem ríkir í þessum efnum. Þegar spurt var hvort fólk teldi í lagi að

íþróttahreyfingin byggði afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttamannvirkjum skiptust svörin þannig á milli kynjanna:

Tafla 61 (sp. 9). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggji fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti á íþróttamannvirkjum? – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	58%	40%	2%
Konur	51%	47%	2%
Karlar	67%	30%	3%

Einnig hér eru karlarnir fylgispakari ríkjandi stefnu í fjármögnun. Þegar spurt var hvort í lagi væri að íþróttahreyfingin byggði afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti í fjölmiðlum voru svörin þannig:

Tafla 62 (sp. 10). Telur þú í lagi að íþróttahreyfingin byggji fjárhagslega afkomu sína að hluta á auglýsingatekjum og sýningarrétti í fjölmiðlum? – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	53%	44%	3%
Konur	45%	52%	3%
Karlar	64%	33%	3%

Þótt munurinn sýnist ekki mikill er ljóst að meirihluti kvenna er á móti ríkjandi stefnu í fjármögnun í gegnum fjölmiðla en meirihluti karla fylgjandi henni.

Iðkendur og kennsla / þjálfun

Afstaða karla og kvenna til íþróttaiðkenda er ekki alltaf sú sama. Þegar staðhæft var að íþróttafólk væri almennt heiðarlegra en aðrir skiptust svörin þannig:

Tafla 63 (sp. 14). Íþróttafólk er almennt heiðarlegra en aðrir. – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	19%	37%	44%
Konur	13%	38%	49%
Karlar	26%	36%	38%

Hlutfallslega fleiri karlar voru sammála staðhæfingunni en konur en ef til vill ræðst niðurstaðan af því að færri karlar voru hlutlausir. Hins vegar voru álíka margir af báðum kynjum ósammála fullyrðingunni. Þegar spurt var hvort íþróttafólk væri almennt hógværa en aðrir voru svörin á þennan veg:

Tafla 64 (sp. 16). Íþróttafólk er almennt hógværa en aðrir. – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	14%	59%	27%
Konur	10%	58%	32%
Karlar	18%	62%	20%

Þarna voru konurnar óvissari og um leið voru hlutfallslega færri konur sammála því að íþróttafólk væri hógvært. Þegar spurt var hvort eðlilegt væri að íþróttafólk fái greiðslur fyrir íþróttaiðkun skiptust svörin þannig:

Tafla 65 (sp. 21). Það er eðlilegt að íþróttafólk fái greiðslur fyrir að stunda íþrótt sína. – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	69%	19%	12%
Konur	65%	20%	15%
Karlar	75%	17%	8%

Hlutfallslega álíka margir af báðum kynjum eru ósammála slíkum greiðslum en mun fleiri karlar eru sammála þeim en konur.

Viðbögð svarenda við staðhæfingunni um að eðlilegt sé að laun og bónusar karla í íþróttum séu hærri en kvenna skiptust þannig:

Tafla 66 (sp. 23). Það er eðlilegt að laun og bónusar karla séu almennt hærri í íþróttum en kvenna. – Svör eftir kynjum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	6%	90%	4%
Konur	3%	95%	2%
Karlar	12%	84%	4%

Hér eru miklu fleiri karlar sammála staðhæfingunni en konurnar – sem kemur ekki á óvart. Þegar spurt var hvort fólk teldi að aðgreina bæri íþróttir atvinnumanna og áhugamanna skiptust svörin þannig:

Tafla 67 (sp. 25). Telur þú að aðgreina beri íþróttir atvinnumanna og áhugamanna? – Svör eftir kynjum.

	Óbreytt ástand	Útiloka atv.m.	Veit ekki
Allir	50%	12%	38%
Konur	38%	9%	53%
Karlar	66%	14%	20%

Hér vekur sérstaka athygli hve margar konur svara hlutlaust. Karlarnir eru miklu færri hlutlausir og um leið miklu fleiri sem aðhyllast óbreytt ástand. Útilokanir atvinnumanna af einhverju tagi eða sérstök

mót fyrir þá njóta lítils fylgis í báðum hópum.

Samantekt

Fleiri karlar en konur eru sammála því að lögð sé áhersla á leik og skemmtun í íþróttum fremur en keppni og árangur. Þeir telja fremur í lagi að vera með auglýsingar á búningum, íþróttamannvirkjum og í fjölmiðlum. Þá eru þeir frekar á því að íþróttafólk sé heiðarlegra en aðrir.

Konur telja frekar en karlar að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku. Þær eru einnig síður á því að íþróttafólk sé hógværra en aðrir og styðja það síður en karlar að íþróttafólk fái greitt fyrir að stunda íþróttir. Þær eru einnig mjög ósammála því að konur fái minna greitt en karlar. Þær voru loks miklu hlutlausari en karlar þegar spurt var hvort aðgreina bæri íþróttir atvinnumanna og áhugamanna og ekki eins hlynntar óbreyttu ástandi.

Eykur skólaganga siðfágun?

Þegar svör voru skoðuð eftir menntun svaraenda var svarendunum skipt í fjóra hópa: Grunnskólamenntun, framhaldsskólamenntun, grunnmenntun í háskóla (BS-, BA- og B.Ed.) og framhaldsmenntun í háskóla (meistaránám, doktorsnám). Munur var ekki mikill eftir menntun en þó gætti hans í þrettán tilvikum sem hér verður greint frá.

Áherslur og fjármögnun

Þegar þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til staðhæfingar um að áherslan í íþróttum ætti að vera á leik eða keppni skiptust svörin svo eftir menntunarstigi:

Tafla 68 (sp. 4). Íþróttir eiga fremur að leggja áherslu á að vera leikur/skemmtun en keppni og sókn í árangur. – Svör eftir menntun.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	18%	76%	6%
Grunnskóli	26%	62%	12%
Framhaldsskóli	29%	66%	5%
Grunn háskóli	18%	78%	4%
Framh háskóli	11%	82%	7%

Hér er nokkur munur. Þeir háskólamenntuðu eru greinilega hlynntari keppnisandnum en aðrir. Næst er það ungmennafélagsandinn sem spurt er um. Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til staðhæfingar um að áherslan í íþróttum ætti að vera á keppni fremur en þátttöku:

Tafla 69 (sp. 5). Íþróttahreyfingin á að leggja meiri áherslu í íþróttum á keppni heldur en að sem flestir séu þátttakendur. – Svör eftir menntun.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	78%	17%	5%
Grunnskóli	71%	25%	4%
Framhaldsskóli	70%	23%	7%
Grunn háskóli	81%	16%	3%
Framh háskóli	80%	13%	7%

Þarna er sami hópur háskólafélks sem styður keppni umfram þátttöku. Erfitt er að geta sér til um hvers vegna þessi skipting er þannig. Þá viku sögunni að fjármögnun íþróttastarfsins og fólk spurt hvort það telji í lagi að nefna íþróttaviðburði eftir fyrirtækjum.

Tafla 70 (sp. 11). Telur þú í lagi að íþróttaviðburðir dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir menntun.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	49%	43%	8%
Grunnskóli	62%	37%	1%
Framhaldsskóli	53%	40%	7%
Grunn háskóli	53%	40%	7%
Framh háskóli	39%	51%	10%

Hér skera sig úr þeir menntuðustu og meirihluti þeirra er á móti slíku fyrirkomu-

laga og það þótt heil 10% taki ekki afstöðu til spurningarinnar. Næst eru það ekki íþróttaviðburðir sem spurt er um heldur íþróttamannvirkin.

Tafla 71 (sp. 12). Telur þú í lagi að íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir menntun.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	38%	35%	27%
Grunnskóli	51%	12%	37%
Framhaldsskóli	45%	33%	22%
Grunn háskóli	38%	33%	29%
Framh háskóli	31%	44%	25%

Þessari spurningu svara færri með samþykki en þeirri næstu á undan og stuðningurinn við þessa fjármögnunarleið minnkar eftir því sem menntunin eykst. Næsta spurning fjallar um hvort fólk telji að þjálfarar og aðrir stjórnendur nýti sér aðstöðu sína til fjárhagslegs ávinnings.

Tafla 72 (sp. 13). Telur þú að þjálfarar og/eða stjórnendur íþróttasamtaka nýti sér aðstöðu sína sér sjálfum til fjárhagslegs ávinnings? – Svör eftir menntun.

	Mikið	Svipað öðrum	Lítið
Allir	14%	67%	19%
Grunnskóli	22%	64%	14%
Framhaldsskóli	15%	66%	19%
Grunn háskóli	14%	71%	15%
Framh háskóli	12%	71%	17%

Hér virðist traustið á stjórnendum og þjálfurum minnka eftir því sem menntun svaraenda er minni.

Iðkendur og kennsla / þjálfun

Þegar kemur að iðkendum og kennslu sést nokkur munur á svörum eftir menntun þegar afstaða er tekin til staðhæfingar um að íþróttafólk sé almennt heiðarlegra en aðrir.

Tafla 73 (sp. 14). Íþróttafólk er almennt heiðarlegra en aðrir. – Svör eftir menntun.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
Allir	19%	37%	44%
Grunnskóli	22%	40%	38%
Framhaldssk.	36%	26%	38%
Grunn háskóli	18%	35%	47%
Framh háskóli	11%	41%	48%

Hér er traustið minnst meðal þeirra sem mesta menntun hafa. Í þeirra hópi eru einnig flestir þeirra sem ekki taka afstöðu. Í næstu fullyrðingu er fjallað um hógværd íþróttamanna.

Tafla 74 (sp. 16). Íþróttafólk er almennt hógværra en aðrir. – Svör eftir menntun.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
Allir	14%	59%	27%
Grunnskóli	21%	52%	27%
Framhaldsskóli	23%	51%	26%
Grunn háskóli	14%	60%	26%
Framh háskóli	8%	64%	28%

Allir hóparnir virðast sammála um að íþróttamenn skorti hógværd og sannfærðastir um það virðast þeir langskólamenntuðustu. Næst viku sögunni að eiginhagsmunahyggjunni.

Tafla 75 (sp. 17). Íþróttafólk hugsar almennt meira um eigin hag en hag hópsins. – Svör eftir menntun.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	18%	51%	31%
Grunnskóli	27%	47%	26%
Framhaldsskóli	25%	52%	23%
Grunn háskóli	18%	56%	26%
Framh háskóli	14%	47%	39%

Enn er hópurinn nokkuð stór sem ekki tekur afstöðu. Hins vegar fer minnkandi eftir menntun svarenda hvort þeir telji íþróttamenn hugsa meira um eigin hag en hag hópsins. Heiðarleiki er enn til umræðu í næstu fullyrðingu en þar er fullyrt að heiðarleiki íþróttamanna fari eftir kynjum. Svörun við því skiptist þannig:

Tafla 76 (sp. 18). Heiðarleiki íþróttafólks er misjafn eftir kynjum. – Svör eftir menntun.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	12%	56%	32%
Grunnskóli	21%	48%	31%
Framhaldsskóli	18%	56%	26%
Grunn háskóli	13%	54%	33%
Framh háskóli	8%	59%	34%

Mikill munur er á skoðunum þeirra minnst menntuðu en um fimmtungur þeirra telur svo vera og þeirra langskólagengnustu sem eru fáir sammála því. Þegar spurt var um ógegnsæi í fjármálum íðróttaiðkenda féllu svör svo eftir menntun:

Tafla 77 (sp. 24). Ógegnsæi ríkir í fjármálum meðal íþróttaiðkenda. – Svör eftir menntun.

	Sammál a	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	55%	9%	36%
Grunnskóli	31%	11%	58%
Framhaldsskóli	53%	12%	35%
Grunn háskóli	61%	10%	29%
Framh háskóli	58%	7%	35%

Hér skera þeir minnst menntuðu sig úr, bæði hvað varðar að taka ekki afstöðu og að vera lítt sammála staðhæfingunni. Þegar spurt var hvort eðlilegt væri að íþróttafólk notaði fæðubótarefni féllu svö þannig:

Tafla 78 (sp. 26). Telur þú eðlilegt að íþróttafólk noti fæðubótarefni til að ná betri árangri? – Svör eftir menntun.

	Þeirra mál	Skekkir sam- keppni	Skiptir engu	Sérstök mót	Bætir keppni	Veit ekki
<i>Allir</i>	35%	26%	10%	6%	2%	22%
Grunnskóli	50%	25%	8%	0%	3%	14%
Framhaldsskóli	42%	28%	10%	6%	3%	10%
Grunn háskóli	33%	26%	8%	8%	2%	23%
Framh háskóli	30%	25%	11%	6%	0%	29%

Hér virðist sem jákvæð afstaða til fæðubótarefna minnki með aukinni menntun. Spurt var um afstöðu til busunar í íþróttum. Þar skiptust svör þannig:

Tafla 79 (sp. 28). Telur þú busun í íþróttum hluta af menningu íþróttar? – Svör eftir menntun.

	Getur skaðað	Niður-læging	Skemmti l. hefð	Skiptir máli	Bætir árangur	Veit ekki
<i>Allir</i>	45%	27%	9%	2%	1%	16%
Grunnskóli	36%	13%	30%	1%	2%	19%
Framhaldsskóli	40%	27%	17%	4%	2%	10%
Grunn háskóli	45%	32%	7%	2%	1%	13%
Framh háskóli	49%	27%	3%	1%	1%	20%

Hér virðist almennt sem neikvæð afstaða til busunar aukist með aukinni menntun. Skyld spurning er hvort fólk telji hjátrú algenga í íþróttum. Þá féllu svör svo:

Tafla 80 (sp. 29). Telur þú hjátrú algenga í íþróttum? – Svör eftir menntun.

	Algeng	Sjaldgæf	Veit ekki
<i>Allir</i>	69%	6%	25%
Grunnskóli	71%	8%	21%
Framhaldsskóli	76%	8%	16%
Grunn háskóli	73%	7%	20%
Framh háskóli	62%	5%	33%

Menntaðasti hópurinn átti erfiðast með að taka afstöðu til þessarar spurningar og var einnig með lægsta hlutfallið í að telja hjátrú algenga.

Samantekt

Svarendur með grunnskólamenntun voru oftast nærri meðaltalinu en þó ekki alveg alltaf. Meðal þeirra var þó mest fylgi við að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki heiti eftir fyrirtækjum sem styðja mest og best. Þeir voru einnig helst á því að sjórnendur nýti sér aðstöðu sína sér sjálfum til fjárhagslegs ávinnings og telja fremur en aðrir að íþróttafólk hugsi almennt meira um eigin hag en hag hópsins. Þessi hópur var einnig fremur á því en aðrir að heiðarleiki íþróttafólks færi eftir því hvoru kyninu það tilheyrir en töldu síst að ógegnisæi ríkti í fjármálum íþróttamanna. Þeir voru öðrum jákvæðari gagnvart notkun fæðubótarefna og töldu fleiri en aðrir að busun í íþróttum væri skemmtileg hefð.

Þátttakendur með framhaldsskólamenntun, þar með talið iðnnám og ýmiss konar sérnám, greindu sig stundum frá öðrum hópum. Þeir voru öðrum fremur fylgjandi því að

íþróttir ættu að vera leikur og skemmtun og áherslan ætti að vera á þátttöku fremur en keppni. Þeir töldu öðrum fremur að íþróttafólk væri heiðarlegra og hógværa en aðrir og telja frekar en aðrir að hjátrú sé algeng í íþróttum.

Fólk með grunnmenntun í háskóla (bakkalár-menntun) er býsna oft nærri meðaltalinu í skoðunum. Það er þó öðrum fremur sammála því að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku. Þeir eru öðrum sannfærðari um að ógegnisæri ríki í fjármálaum íþróttafólks.

Menntaðasti hópurinn, fólk með framhaldsnám í háskóla (meistara- og doktorsnám) er stundum með aðrar skoðanir en

hinir menntunarhóparnir. Þeir eru mun síður en aðrir á því að íþróttir eigi að byggjast á leik og skemmtun og eru mjög óhressir með að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki heiti eftir kostunarfyrirtækjum. Þeir treysta stjórnendum og þjálfurum betur en aðrir til að nýta sér ekki aðstöðu sína fjárhagslega. Þeir hafa hins vegar minnsta trú að heiðarleika og hógvæð íþróttafólks en telja þó síður en aðrir að íþróttafólk hugsi meira um eigin hag en hópsins. Þeir eru öðrum sannfærðari um að heiðarleiki í íþróttum fari ekki eftir kynjum. Þeir eru neikvæðastir gagnvart busun en telja öðrum síður að hjátrú í íþróttum sé algeng.

Hefur atvinnustaða fólks áhrif á siðfágun þess?

Áhugavert var að skoða svörin eftir atvinnustöðu fólks. Hér eru svörin flokkuð í þrennt:

- Þeir sem stunda launavinnu eða atvinnurekstur, þ.e. eru fullgildir „aðilar vinnumarkaðarins“.
- Námsmenn sem að stórum hluta vinna eitthvað með náminu. Oft er reyndar einnig fullyrt að „nám sé vinna“.
- Þeir sem eru utan vinnumarkaðar en í þann hóp falla öryrkjar, aldraðir, fólk sem sinnir (ólaunuðum) heimilisstörfum og atvinnulaust fólk.

Ekki voru mikil frávikum í svörum eftir atvinnustöðu en þó eru þar nokkur áhuga-verð dæmi, tólf talsins.

Áherslur og fjármögnun

Þegar svarendur voru beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar um að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku féllu svör svo eftir atvinnuþátttöku:

Tafla 81 (sp. 5). Íþróttahreyfingin á að leggja meiri áherslu í íþróttum á keppni heldur en að sem flestir séu þátttakendur. – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	78%	17%	5%
Launavinna	80%	15%	5%
Nám	67%	27%	6%
Utan vinnum.	80%	17%	3%

Hér skera námsmenn sig úr og eru minnst sammála fullyrðingunni. Allir hóparnir eru þó sammála henni að meirihluta. Spurt var hvort fólk teldi í lagi að nefna íþróttaviðburði eftir kostunarfyrirtækjum. Þá skiptust svörin þannig:

Tafla 82 (sp. 11). Telur þú í lagi að íþróttaviðburðir dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	49%	43%	8%
Launavinna	46%	45%	9%
Nám	66%	32%	2%
Utan vinnumark.	44%	50%	6%

Enn eru námsmenn annarrar skoðunar en aðrir og styðja þessa fjármögnunarleið kröftuglega. Næst voru það íþróttamannvirkin, vellir og hallir:

Tafla 83 (sp. 12). Telur þú í lagi að íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	38%	35%	27%
Launavinna	36%	37%	27%
Nám	55%	14%	31%
Utan vinnumark.	30%	43%	27%

Námsfólk er hér hlynntast þessari aðferð til að fjármagna þessi mannvirki.

Iðkendur og kennsla / þjálfun

Næst koma spurningar sem varða iðkendur og kennslu eða þjálfun. Þátttakendur tóku afstöðu til fullyrðingarinnar um að það geti verið eðlilegt að brjóta reglurnar.

Tafla 84 (sp. 20). Það er eðlilegt að íþróttafólk brjóti reglur íþróttarinnar ef það er í þágu hennar. – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	4%	87%	9%
Launavinna	3%	89%	8%
Nám	12%	66%	12%
Utan vinnum.	4%	77%	19%

Námsfólk hefur hér sveigjanlegasta afstöðu en eru líka með stærsta hópinn sem tekur ekki afstöðu. Þegar fullýrt var að það væri eðlilegt að íþróttafólk fái greitt fyrir að stunda íþróttir skiptust svör þannig:

Tafla 85 (sp. 21). Það er eðlilegt að íþróttafólk fái greiðslur fyrir að stunda íþrótt sína. – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	69%	19%	12%
Launavinna	70%	18%	12%
Nám	79%	16%	5%
Utan vinnumark.	56%	29%	15%

Hér vekur athygli að þeir sem eru utan vinnumarkaðar hafa lægsta hlutfall þeirra sem styðja slíkt háttarlag – og námsfólk hæsta hlutfallið. Næst er staðhæft að eðlilegt sé að íþróttafélög fái greitt fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum. Þá er skiptingin þessi:

Tafla 86 (sp. 22). Það er eðlilegt að íþróttafélög fái greiðslur fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum. – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	68%	21%	11%
Launavinna	67%	22%	11%
Nám	81%	12%	7%
Utan vinnum.	58%	29%	13%

Hér er stuðningurinn mestur meðal námsfólks en minnstur meðal fólks utan vinnu-markaðar. Næsta staðhæfing snýr að því að ógegnisæi ríki í fjármálum íþróttafólks. Þar skiptast svör þannig:

Tafla 87 (sp. 24). Ógegnisæi ríkir í fjármálum meðal íþróttaiðkenda. – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	55%	9%	36%
Launavinna	59%	9%	32%
Nám	37%	7%	56%
Utan vinnum.	55%	6%	39%

Hér er námsfólk langminnst sammála en um leið tekur meirihluti þeirra ekki afstöðu til fullyrðingarinnar. Næst var spurt um notkun fæðubótarefna.

Tafla 88 (sp. 26). Telur þú eðlilegt að íþróttafólk noti fæðubótar-efni til að ná betri árangri? – Svör eftir atvinnustöðu.

	Þeirra mál	Skekkir samkeppni	Skiptir engu	Sérstök mót	Bætir keppni	Veit ekki
<i>Allir</i>	35%	26%	10%	6%	2%	21%
Launavinna	34%	26%	10%	6%	1%	23%
Nám	62%	18%	11%	3%	4%	2%
Utan vinnumarkaðar	23%	36%	7%	10%	0%	24%

Mikill meirihluti námsmanna telur það ekki koma öðrum en íþróttamönnum við en þeir sem eru utan vinnumarkaðar telja slíka neyslu skekkja samkeppnina. Næsta spurning er um busun en þar féllu svör svo:

Tafla 89 (sp. 28). Telur þú busun í íþróttum hluta af menningu íþróttar? – Svör eftir atvinnustöðu.

	Getur skaðað	Niðurlæging	Skemmtil. hefð	Skiptir máli	Bætir árangur	Veit ekki
<i>Allir</i>	45%	27%	9%	2%	1%	16%
Launavinna	45%	30%	7%	1%	0%	17%
Nám	39%	12%	23%	4%	5%	17%
Utan vinnumarkaðar	50%	27%	5%	1%	1%	16%

Hér er námsfólk greinilega langjákvæðast í garð busunar og fjórðungur þeirra telur hana skemmtilega hefð. Fullyrt var í næstu spurningu að íþróttakennarar og þjálfarar legðu næga áherslu á að vinna gegn einelti.

Tafla 90 (sp. 34). Íþróttakennarar og þjálfarar leggja næga áherslu á að vinna gegn einelti meðal nemenda sinna. – Svör eftir atvinnustöðu.

	Sam-mála	Ósam-mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	25%	33%	42%
Launavinna	23%	34%	43%
Nám	40%	32%	28%
Utan vinnum.	22%	29%	49%

Þessu er námsfólk mest sammála og skipar minnstan hóp þeirra sem ekki taka afstöðu. Spurt var hvort fólk teldi næga áherslu á íþróttakennslu í skólakerfinu. Svör féllu þannig:

Tafla 91 (sp. 35). Telur þú að áhersla á íþróttakennslu sé of lítil, hæfileg eða óþarflega mikil í skólakerfinu? – Svör eftir atvinnustöðu.

	Of lítil	Hæfileg	Of mikil	Veit ekki
<i>Allir</i>	69%	22%	5%	4%
Launavinna	69%	23%	5%	3%
Nám	74%	15%	8%	3%
Utan vinnu.	62%	25%	4%	9%

Greinilegt er að námsfólk telur mesta þörf á að auka íþróttakennslu en um fjórðungur annarra hópa telur hana hæfilega eins og hún er. Spurt var hvort fólk teldi íþróttakennara taka nægjanlegt tillit til mismunandi líkamlegrar færni nemenda sinna. Svör féllu þannig eftir atvinnustöðu:

Tafla 92 (sp. 36). Telur þú að íþróttakennarar í skólakerfinu taki nægilegt tillit til mismunandi líkamlegrar færni nemenda sinna? – Svör eftir atvinnustöðu.

	Oft	Óþarfi	Sjaldan	Veit ekki
<i>Allir</i>	33%	1%	40%	26%
Launavinna	34%	1%	32%	33%
Nám	41%	2%	43%	14%
Utan vinnu.	23%	3%	30%	44%

Námsfólk taldi greinilega að svo væri mjög oft eða oft en fólk utan vinnumarkaðar var því minnst sammála en um leið hlutlausast.

Samantekt

Launafólk og sjálfstæðir atvinnurekendur hafa skoðanir sem yfirleitt standa afar nærri meðaltalinu og komu engin sérstök frávik frá því fram í svörum.

Námsfólk var hins vegar með ýmsar serskoðanir. Það taldi síður en aðrir að íþróttahreyfingin ætti að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku en töldu í góðu lagi að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki drægju nafn af fyrirtækjum. Meðal þess kom fram meira fylgi en hjá öðrum við að íþróttafólk bryti reglur ef það gagnaðist liðinu og það var mestir fylgjendur þess að íþróttafólk fái greiðslur fyrir að stunda íþrótt sína. Einnig fannst því mest í lagi að íþróttafélög fái greiðslur fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum og töldu öðrum síður að neitt ógegnisæi ríkti í fjármálum íþróttafólks. Það var jákvæðast gagnvart notkun fæðubótarefna. Þá taldi námsfólk öðrum fremur að íþróttakennarar og þjálfarar leggðu næga áherslu á að vinna gegn einelti og tækju nóg tillit til mismunandi líkamsfærni nemenda og iðkenda.

Fólk utan vinnumarkaðar, aldraðir, atvinnulaust fólk, heimavinnandi fólk og öryrkjar, hefur svipaðar skoðanir og aðrir. Frávik eru örfá. Þetta fólk er þó síður en aðrir sammála því að íþróttafólk fái greitt fyrir iðkun sína og að íþróttafélög fái greitt fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum. Þá var það neikvæðast gagnvart notkun fæðubótarefna og neikvæðast gagnvart busun í íþróttum. Loks var það minna sannfært en aðrir um að áhersla á íþróttir í skólakerfinu væri of lítil og öðrum síður sannfært um að íþróttakennarar taki nægilegt tillit til líkamlegrar færni nemenda.

Er siðleysi minna meðal þeirra sem tengjast íþróttum?

Mjög athyglisvert er að tengsl við íþróttir virðast hafa afskaplega lítil áhrif á svör þátttakenda í langflestum tilvikum. Hér eru aðeins sjö dæmi um frávik sem einhverju nemur en svarendum er hér skipt í tvennt, þá sem eru ekki iðkendur og þá sem iðka eða tengjast íþróttum.

Áherslur og fjármögnun

Viðbrögð hópanna til fullyrðingarinnar um að veitt sé miklu fé til íþróttar eru þessi:

Tafla 93 (sp. 6). Ríki og sveitarfélög veita of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttar. – Svör eftir íþróttatengslum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	17%	68%	15%
Ekki tengsl	22%	60%	18%
Tengsl	13%	76%	11%

Eins og líklegt mátti telja eru iðkendurnir mest ósammála þessu. Spurt var hvað fólki fyndist um að láta íþróttaviðburði heita eftir fyrirtækjum. Svör féllu þannig:

Tafla 94 (sp. 11). Telur þú í lagi að íþróttaviðburðir dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir íþróttatengslum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	49%	24%	27%
Ekki tengsl	42%	29%	29%
Tengsl	56%	19%	25%

Hér eru iðkendur mest sammála en athygli vekur þó að aðeins rúmur helmingur þeirra er sammála. Næst er spurt um hið sama varðandi íþróttavelli og íþróttahús.

Tafla 95 (sp. 12). Telur þú í lagi að íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna? – Svör eftir íþróttatengslum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
Allir	38%	35%	27%
Ekki tengsl	33%	40%	27%
Tengsl	43%	30%	27%

Hér er andstaða beggja hópa mun meiri en varðandi spurninguna á undan en iðkendur eru þó nokkru jákvæðari gagnvart fyrirkomulaginu.

Iðkendur og kennsla / þjálfun

Þegar kemur að áliti á iðkendum, kennslu og þjálfun eru fáein frávik. Fullyrðingin um

að íþróttafélk sé viljasterkara en aðrir fékk þessa svörun eftir hópunum tveimur:

Tafla 96 (sp. 15). Íþróttafólk er almennt viljasterkara en aðrir. – Svör eftir íþróttatengslum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	68%	17%	15%
Ekki tengsl	61%	22%	17%
Tengsl	74%	12%	14%

Hér eru iðkendurnir sjálfir sannfærðari um viljastyrk sinn en aðrir. Staðhæft var að það væri eðlilegt að íþróttafélög fái greitt fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum. Svör voru þessi:

Tafla 97 (sp. 22). Það er eðlilegt að íþróttafélög fái greiðslur fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum. – Svör eftir íþróttatengslum.

	Sam- mála	Ósam- mála	Veit ekki
<i>Allir</i>	68%	21%	11%
Ekki tengsl	62%	26%	12%
Tengsl	72%	18%	10%

Um þetta fyrirkomulag eru iðkendur greinilega sannfærðari en hinir. Spurt var hvort svarendur teldu að áhersla skólakerfisins á íþróttir væri næg.

Tafla 98 (sp. 35). Telur þú að áhersla á íþróttakennslu sé of lítil, hæfileg eða óþarflega mikil í skólakerfinu? – Svör eftir íþróttatengslum.

	Of lítil	Hæfi- leg	Of mikil	Veit ekki
<i>Allir</i>	69%	22%	5%	4%
Ekki tengsl	59%	30%	7%	4%
Tengsl	79%	15%	3%	3%

Hér voru iðkendur einnig sannfærðir um að þurfi að bæta verulega í. Loks var spurt hvort þátttakendur telji að íþróttakennarar taki nægilegt tillit til mismunandi líkamlegrar færni nemenda. Svör skiptust þannig eftir íþróttatengslum:

Tafla 99 (sp. 36). Telur þú að íþróttakennarar í skólakerfinu taki nægilegt tillit til mismunandi líkamlegrar færni nemenda sinna? – Svör eftir íþróttatengslum.

	Oft	Óþarfi	Sjaldan	Veit ekki
<i>Allir</i>	33%	1%	40%	26%
Ekki tengsl	25%	1%	33%	41%
Tengsl	40%	1%	33%	26%

Mikill munur er á hópunum tveimur hvað þetta varðar. 40% iðkenda telja að svo sé mjög oft eða oft en aðeins 25% hinna. Þeir sem ekki hafa tengsl við íþróttir eru einnig miklu fleiri hlutlausir en hinir.

Samantekt

Það fólk sem ekki er iðkendur hallast meira að því en hinir að veitt sé of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttar. Það er síður sam-
mála því að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki dragi nafn af stórfyrirtækjum og það er síður sannfært um að íþróttakenn-

arar taki nægilegt tillit til líkamlegrar færni nemenda.

Iðkendur eru sannfærðari en hinir um að íþróttafólk sé viljasterkara en aðrir. Þeim finnst eðlilegra en hinum að íþróttafélög fái greiðslur fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum og að áhersla á íþróttakennslu í skólum sé of lítil.

Bændaglíman

Glímuna man ég miklu enn,
mörgum þótti að gaman,
er lærðir sína og leikir menn
leiddu hesta saman.
Bændur Páll og Glímu-Gestur,
Grímseyjar hinn fyrri prestur.

Miðaldra var mannaval
meðal hinna ungu,
Ólafur síra úr Otrardal
og frá Kalmanstungu
Árnasonur iljaslægur
og einkanlega klofbragðsfrægur.

Harði Geir með hælkrókin,
hnykkinn skæða Bjarni,
Sigurður eflði sveiflarinn,
svima- hvergi -gjarni
felldi hann marga uns Ketils kraftur
keyrði loks á bak hann aftur.

Gestur felldi guma í strá,
glíman trúi eg harðni,
Árnasonur unninn lá,
einnig Geir og Bjarni
en - um skólans Scheving heiður
skalf af hræðslu bæði og reiður.

Uppi stóðu einir tveir
eftir bændur móðir,
glímuskjálfta skulfu þeir,
skatnar biðu hljóðir,
en – er saman tóku tókum
titraði gólf af iljablökum.

Gestur sækir glímu fast,
gekk hann hart að Páli
en – firnt svo Páls er fótakast
sem fjöður úr þunnu stáli;
bragði kemur krókur móti,
kænn er drengurinn viðbragðsfljóti.

Leiddist Gestur þetta þóf,
þolinmæði brast hann,
Pál til sveiflu hátt hann hóf,
hann sig læsti fastan,
en aftur á gólfi er festi hann fætur
fimlega Páll þá dansa lætur.

Sniðglímum hann sneiddi Gest,
snaraði fram og aftur,
aldrei gaf hann hlé né frest
förlaðist Gestur kraftur.
Páll að velli loks hann lagði
leggjar- meður snöggu -bragði.

Úti var hið stinna stríð,
stráð var búkum hauður,
allt eins og í Úlfars tíð
„allur herinn dauður“.
En Einherjanna eftir vanda
upp þeir föllnu þegar standa.

Gaman þótti gumnum fyr
glímubrögð að þreyta,
höldar voru heilbrigðir
og hollt er orku að neyta;
en núna sveinum blöskrar bili
brækur eða slitni sili.

Dansinn sumir iðka enn,
eigi slíkt ég víti,
en – enga að kunni íþrótt menn
eru þjóðarlýti,
pípur glatt hjá piltum rjúka
og pappírs eigum vér fína búka.

Á fornri hafa frækni trú,
fjör að nýtt hún kveiki,
yngja upp Grikkir aftur nú
ólympíska leiki,
oss er heldur gjarnara að gleyma
því góða sem hér átti heima.

(Gr.Þ., birt í Fjallkonunni 1896)

Siðferði og gildi í íþróttum

Eftir Guðmund Kristinn Sæmundsson

Rannsóknarniðurstöður

Það viðhorf að eiginhagsmunir og sjálflægni séu eðlileg viðmiðun innan íþróttar þarf að minnka, helst hverfa. Með því móti getur afrekadýrkunin látið undan síga og þessi sterka þörf fyrir að vera bestur, hvað sem það kostar. Þá er nauðsynlegt að draga úr alltumlykjandi mikilvægi samkeppninnar og þeirrar sterku þarfar sem nú ríkir innan íþróttar að sigra, hvaða ráðum svo sem beitt er til þess. Ofbeldi þarf að hverfa úr íþróttum og sama gildir um vísitandi tilraunir til að skaða andstæðinginn og meiða. Sama gildir um reglur hvernar íþróttagreinar, brot á þeim eiga aldrei að vera hluti leiksins. Draga þarf verulega úr vægi peninga fyrir íþróttirnar, peningagræðgi eða gróðavon getur aldrei samrýmt anda íþróttanna. Stjórnendum verður að gera ókleyft að misbeita valdi sínu, hvort sem það eru fyrirliðar, þjálfarar, dómarar, leiðtogar, fræðimenn eða aðrir.

Hvernig er þetta hægt? Sumir mundu segja að þetta væri ekki vinnandi vegur. Þessir þættir séu orðnir samvaxnir íþróttunum, nauðsynlegur „kostnaður“ á móti öllu því góða sem íþróttirnar koma til leiðar. Í samfélagi þar sem spilling viðgengst á flestum sviðum og fjármagnið ræður allri för sé algjörlega úr takti að gera einhverjar sérstakar siðgæðiskröfur til íþróttar. Þær verði aldrei neitt annað en óraunsætt tuð eða í besta falli gamaldags.

Aðrir hafna þessum rökum og telja slíkt tal uppgjöf, hvort sem það er innan íþróttar eða annars staðar. Það sé einmitt mikilvægt að hefja fána siðbótar á loft innan íþróttanna vegna uppeldisgildis þeirra og sterkra áhrifa á uppvaxandi æsku.

Fyrir örfáum árum var gerð umfangsmikil rannsókn á afstöðu almennings til siðferðis og gilda í íþróttum. Þetta rit greinir frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar var Guðmundur Kristinn Sæmundsson þáverandi aðjunkt við Háskóla Íslands en honum til aðstoðar var Menntavísindastofnun Háskóla Íslands ásamt nokkrum meistaranemum í íþróttufræðum sem tóku þátt í öflun gagna og gerð spurningalista. Útgefandi er Bláskógar ehf.



978-9935-9195-6-4